



Fimm sóttu um að fá að taka þátt í útboði um smíði brúarinnar

Útboðsgögn vegna hönnunar og smíði Ölfusárbrúar voru send út í vikunni til þeirra fimm fyrirtækja sem sóttu um að fá að taka þátt í útboðinu. Skila á tilboðum í mars og áætlað að verki ljúki í september árið 2027.

Vegagerðin auglýsti alútbod vegna hönnunar og byggingar nýrrar brúar á Ölfusá á Evrópska efnahagssvæðinu þann 3. mars síðastliðinn. Þann 18. apríl voru opnaðar umsóknir og bárust umsóknir frá fimm þátttakendum sem allir uppfylltu þau skilyrði sem sett voru í útboðsauglýsingunni og voru metnir hæfir.

Eftirfarandi fyrirtæki sóttu um þátttöku í útboðinu:

- Hochtief Infrastructure GmbH, Essen, Þýskalandi
- IKI Infrastructure Systems Co., Ltd, Tokyo, Japan
- Ístak hf. - Per Aarsleff A/S - Freyssinet Int., fyrir hönd östofnaðs félags, Reykjavík
- Puentes y Calzada Infraestructuras, S.L.U., Spáni
- ÞG verktakar ehf., Reykjavík

Fyrir í vikunni var þessum fimm þátttakendum send útboðsgögn

vegna samkeppnisútboðsins og er gert ráð fyrir að tilboðum verði skilað þann 12. mars 2024 og eru áætluð verklok í september 2027.

Vegagerðin fékk framkvæmdaleyfi frá sveitarfélaginu Árborg og Flóahreppi í september síðastliðnum að lokinni grenndarkynningu þar sem engar athugasemdir bárust.

Verkið snýst um færslu Hringvegur (1) út fyrir þéttbýlið á Selfossi. Meðal helstu verkþátta eru nýbygging 3,7 km Hringvegur, bygging nýrrar 330 m langrar stagbrúar á Ölfusá og um 1 km af öðrum tveggja akreina vegum. Gera þarf ný vegamót við Hringveg austan Selfoss, undirgöng undir Hringveg fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn ásamt undirgöngum fyrir bíla og gangandi. Einnig er gert ráð fyrir lögnum veitufyrirtækja.

Markmiðið með framkvæmdunum er að auka umferðarrým, aðskilja akstursstefnur og bæta umferðaröryggi.

Brúin verður 330 metra löng stagbrú með 60 metra háum turni á Efri-Laugarðaelaeyju.

Brúargólf verður 19 m breitt og er gert ráð fyrir 2+1 vegi með aðskildum aksturstefnum ásamt göngu- og hjólaleið. Einnig er gert ráð fyrir göngu- og hjólaleið undir brúna á báðum árbökkum.

Gert er ráð fyrir steiptum endastöplum, brúargólfi með stálbitum og steiptu gólfi og turni úr stáli. Við forhönnun brúarinnar var miðað við aðstæður á svæðinu þar sem búast má við bæði jarðskjálftum og flóðum. Í brúnni er gert ráð fyrir jarðskjálftaeinangrun og forspennnum bergfestum í undirstöðum turnsins.

Helsta breytingin sem verður við þessa framkvæmd er að Hringvegur (1) styttest um 1,2 km og ferðatími styttest að lágmarki um fjórar til fimm mínútur. Einnig mun greiðast úr þeim umferðarteppum sem oft hafa skapast við gömlu Ölfusárbrúna en gert er ráð fyrir að umferð þyngrri okutækja verði ekki leyfð á gömlu brúnni þegar sú nýja hefur verið tekin í notkun.

Vegagerðin



Mynd: Rangárþing ytra.

Guðni Guðmundsson samborgari Rangárþings ytra

Veitt voru verðlaun fyrir samborgara ársins í fyrsta sinn í sl. sunnudag en Guðni Guðmundsson, bóndi á Þverlæk, var útnendur Samborgari 2023.

Guðni hefur, eins og frægt er orðið, sýnt ómetanlega elju og dugnað við umhverfisvernd ásamt því að stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum

með dýrmætum stuðningi sínum við ungmenna- og íþróttastarf í héraði.

Rangárþingi ytra barst þó nokkrar tilnefningar til Samborgara ársins og greinilegt að það eru margir í sveitarfélaginu sem láta gott af sér leiða og auðga samfélagið sem við búum í á einn eða annan hátt.

Rangárþing ytra

Elvar Þormarsson knapi Geysis 2023

Á laugardagskvöld fór fram Uppskeruhátíð Hestamannafélagsins Geysis í Hvolnum á Hvolsvelli. Uppskeruhátíðin var virkilega vel sótt og áttu Geysismenn frábært kvöld.

Elvar Þormarsson var kjörinn knapi Geysis fyrir árið 2023, en hann varð einnig valinn íþróttaknapi Geysis.

Heildarlistann yfir verðlaun á uppskeruhátíðinni má finna á dfs.is.



Mynd: Hestamannafélagið Geysis.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X
100% RAFMAGNSBÍLL



Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

Það eru **24** **DAGAR TIL JÓLA**

SUB EHF

HLJÓÐ - LJÓS - MYND

ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST

subkerfi@gmail.com 8467713



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Jólatréssala Snæfaksstöðum

Opið allar helgar fram að jólum
 og 18 - 23 desember kl 11:00 - 16:00

Jólatré, eldiviður, tröpputré og handverk til
 sölu. Kakó og lummur í boði fyrir alla gesti.



Kakó, kertaljós og jólabækur í Bókakaffinu á Selfossi

Skemmtilegu jólabókavöldin í Bókakaffinu byrja nú á fimmtudaginn kemur, þann 30. nóvember. Tilboð á bókum og notaleg jólastemming við kertaljós og kakódrykkju. Húsið er opið kl. 20 og upplestur stendur frá 20:30-21:30.

Þau sem mæta að kvöldi 30. nóvember eru: Harpa Rún Kristjánsdóttir með ljóðabókina Vandamál vina minna. Kristján Pálsson sem ritað hefur Sögu Hnífsdals. Gunnlaugur Ó. Johnson með bráðföndna minningabók sína sem heitir Sannar sögur af einhverjum helvítis kalli í Mosfellsbæ. Páll Biering með Sjálfshjálparbók hjálparstarfsmannsins. Gísli Jökull Gíslason



Bóndinn Harpa Rún, Gísli Jökull rannsóknarlögregluáður og Sigurrós fv. bæjarfulltrúi og alþingismaður eru meðal þeirra sem kynna bækur sínar nú á fimmtudagskvöldinu 30. nóvember.

með prósabókina Hugleiðingar þar sem miðaldra íslenskur gagnkynhneigður karlmaður lítur yfir farinn veg. Sigurrós

Þorgrímsdóttir sem kynni sögu baráttukonunnar Katrínar Pálsdóttur.

Jólaskiptimarkaður á Selfossi

Nokkrar konur á Selfossi hafa tekið sig saman og ætla að halda jólaskiptimarkað í Pakkhúsinu Selfossi þann 2. desember milli klukkan 13 og 16. Hugmyndin er að stuðla að neysluggrenni og umhverfisvænni jólum. Markaðurinn

fer þannig fram að fólk kemur með fatnað, leikföng, bækur og annað sem það er hætt að nota og skiptir því út fyrir vörur sem aðrir hafa komið með á markaðinn. Þess utan kostar ekkert að vera með. Öll velkomin.



Konurnar á Eyrarbakka

Glóðvolg úr prentsmiðjunni Ger útkomin bókin Konurnar á Eyrarbakka, sitthvað af konu minni hverri. Í bókinni eru viðtöl og frásagnir af 38 konum sem fæddar eru á tæplega hundrað ára tímabili. Það sem konurnar eiga sameiginlegt er að þær hafa allar búið á Eyrarbakka til lengri eða skemmri tíma. Viðtölin eru ýmist við konurnar sjálfar eða ættingja þeirra jafnt konur sem karla. En, áherslan er á konurnar - þær eru í forgangi. Það hefur svo oft brunnið við þegar á að skrifa um konur að freistingin verði meiri að skrifa um karlana í lífi þeirra. Það gerist ekki í þessari bók því henni er ætlað að miðla lífi og menningu kvenna.

Bókin er skrifuð á talmáli sem færir lesanda nær viðmælenda hverju sinni. Í henni má lesa um fjölbreytt líf kvenna á Eyrarbakka og ekki síður ósýnilegu störf, óáþreifanlega menningararfinn sem konur hafa sinnt í gegnum tíðina og kallast í dag 2. og 3. vaktin.

Ekki eru sagðar sérstakar frægðarsögur heldur sögur af hversdagslífi og störfum kvenna sem hafa breyst í árána rás.

Í bókinni má lesa um uppeldi, menningu, mat og menntun, kvennabaráttu og verndun húsa, handverk og garðyrkju, félags-



Jónína Óskarsdóttir höfundur bókarinnar.

og frumkvöðlastörf, veikindi og missi, lífsbáttu og sjálfsbjargarviðleitni - en líka vináttu, samhljúp og góða granna.

Tilurð bókarinn má rekja til ferða á Eyrarbakka. Þar var höfundur mikið sem barn og fram á ríggullorðinsaldur svo heppin að hafa húsið Eyri sem faðir hennar ólst upp í á Eyrarbakka sem sumarhús.

Þar var stundaði fjölskyldan kartöflurækt fram yfir þúsalda-

mótin. Sortirnar voru gullauga, rauðar, binté og Helga. Þegar ekið var í gegnum þorpið sagði móðir höfundar sögur af húsum og fólki frá því hún var að alast upp. Þorpið lifnaði við með innsýn í annan tíma og konurnar á Eyrarbakka voru aldeilis ekki ósýnilegar í þessum sögum.

Þetta er fyrsta bók höfundarins Jónínu Óskarsdóttur sem er ættuð frá Ásabergi og Eyri á Eyrarbakka og Jónína Aldís Válerhaugen sem er uppalin í foreldrahúsum á Búðarstíg á Eyrarbakka er einnig með þrjú viðtöl í bókinni.





vis.is

Söluráðgjafi einstaklinga

Við leitum að árangursdrifnum og lausnamiðuðum söluráðgjafa á Selfossi til að veita viðskiptavinum framúrskarandi tryggingaráðgjöf og þjónustu. Um er að ræða krefjandi og líflegt starf með möguleika á mjög góðum tekjum fyrir réttan aðila.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Ásgrímur Pálsson, þjónustustjóri, netfang johannp@vis.is

Umsóknarfrestur er til með 3. desember 2023.



Nánar á vis.is/laus-storf



UMSÓKNARFRESTUR ER TIL
7. DESEMBER

SÓTT ER UM Á [BYKO.IS](https://byko.is)

HLIÐVARSLA EFTIRLIT

TIMBURDEILD
BYKO SELFÖSS

Við hjá BYKO erum að leita að öflugum starfsmanni til liðs við okkur í hliðvörslu - eftirlit í timburdeild BYKO Selfoss. Ef þú ert framsækin og faglegur starfsmaður með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér. Vinnutími er alla virka daga 8-13 eða 13-18 og annar hver laugardagur 10-16. Starfið er að mestu útivinna.

VIÐ LEITUM AÐ STARFSMANNI MEÐ:

- Þekkingu á byggingaefni, kostur
- Reynsla af smíðavinnu, kostur
- Ríka þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Íslenskukunnátta, skilyrði
- Ensukunnátta, kostur
- Hreint sakavottorð, skilyrði

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Telja og yfirfara sendingar til viðskiptavina
- Afgreiðsla til viðskiptavina

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.

BYKO hefur sett sér þá framtíðarsýn að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavinar í framkvæmdum og fegrun heimilisins. Í þeirri vinnu höfum við gildin okkar að leiðarljósi; fagmennska, framsækni og gleði.

Allar nánari upplýsingar veitir
Grétar Ingi Sigurðsson,
verslunarstjóri, gretaris@byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



FKA hringdu inn jólin á Selfossi

Yfir eitthundrað FKA konur af landinu öllu, Félagi kvenna í atvinnulífinu, sóttu Selfoss heim og vörðu gæðastunda saman í skreyttum Selfossbæ á árlegu Jólarölti félagsins.

Óflugar deildir og nefndir starfa í FKA, hátt í fimmtán-hundrað konur um landið allt eru í félaginu og fjölmargar á Suðurlandi. Það er Viðskipta-nefnd FKA sem skipuleggur jólaröltið ár hvert og er viðburðurinn hugsaður sem tengslamyndun þar sem félagkonur gera sér glaðan dag og jólainnkaupin hjá FKA konum. Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir ásamt Hönnu Guðfinnu Benediktsdóttur, Claudiu Ashanie Wilson og Jessicu Kingan héldu utan um

viðburðinn en þær skipa Viðskipta-nefnd FKA þetta starfsár.

Konum var skipt í hópa yfir ljúffengu kakói og smákökum frá Rauða húsinu og glæsilegar veitingar voru í boði sem og afsláttu þetta kvöld hjá FKA konum í verslunarrekstri í bænum sem voru heimsóttar. Linda Björk í Stúdíó Sport, Dagrún Guðlaugsdóttir í Litlu garðbúðinni, Elín Rós Arnlaugsdóttir í Yrju barnavörverslun, Linda Guðrún Sigurðardóttir eigandi Galleri Ozone og mæðgurnar Bryndis Brynjólfssdóttir og Kristín Hafsteinsdóttir í Lindinni tóku á móti hópnum. Þrjár konur af Suðurlandinu, þær Lauren Walton eigandi Endurlífja Jewellery, María Dís eig-

andi Hermosa.is og Rebecca Kent höfundur bókarinnar Fúli Hvalurinn, kynntu vörur sínar á PopUp markaðstorgi og dregið var um glæsilega happadrættisvinninga og konur fengu gjafapokar með sér heim.

Fjöla Kristinsdóttir bæjarstjóri og félagskona var með þakklætishugleiðingu og Björgvin Jóhannesson hótellstjóri sá til þess að hver og einasta kona fór syngjandi heim til sín eða beint á Rísið þar sem Einar Örn Jónsson og Benedikt Sigurðsson voru með „Sing along“ en þeir félagar töldu í fjörið með FKA konum á Hótelinu áður en þeir fóru á svið hinu megin við götuna.



Ragnar Sigurðsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Ég vil byrja á því að þakka Ríkka fyrir þessa áskorun frá honum og um leið hrósa honum fyrir frábæra uppskrift af hafragraut í síðustu viku. Er búinn að elda þennan graut á hverjum morgni þessa vikuna og get heilshugar mælt með honum.

En í tilefni af því að það er fyrsti á adventu næsta sunnudag og sú staðreynd að hann Ríkki er sennilega eitt mesta jólabarn sem ég þekki þá ætla ég að henda í eina smáköku uppskrift sem engin verður svikinn af um jólin. Og allra síst vil ég hafa Ríkka leiðann yfir hátíðarnar.

Þau hráefni sem við ætlum að nota í þessa uppskrift eru:
50 grömm af sykri
200 grömm af púðursykri
150 grömm af al-íslensku eðalsmjöri
1 teskeið af vanillusykri
1 pakki af ROYAL Vanillubúðing (það má skipta þessu út fyrir 100 grömm af flórsykri en ROYALinn er talsvert betri)
2 egg
270 grömm af hveiti
150 grömm af SMARTIES
1 testkeið matarsódi

Við byrjum á því að hræra saman smjöri, sykri, púður-

sykri, vanillubúðinginn (þurfefnin) og vanillusykurinn. Næsta sem við gerum er að blanda eggjunum við og hræra vel saman. Þegar allt er búið að blandast vel saman þá bætum við úti hveitinu og matarsódanum og hrærum vel. Síðast en ekki síst bætum við Smarties úti og hrærum.

Nú er komið að því að móta smákökurnar en uppúr þessari uppskrift ætti að vera hægt að móta um 30 kúlur. Við leggjum síðan kúlurnar á bökunarpappír og skellum þessu inn í 180°C heitan ofn með blæstri í eitthvað á bilinu 15 til 20 mínútur.

Núna ætti að vera komin góð lykt í húsið og Ríkki svo sannarlega kominn í jólaskap.

Að lokum langar mig að skora á vin minn hann Arnþór Tryggvason sem er einnig mjög mikið jólabarn. Hlakka til að sjá hvað hann mun galdra fram en hann ku vera sérfræðingur í villibraða eldamennsku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



„Hvar sem ljósið kemur, hverfur myrkrið“

Hvar sem ljósið kemur – hverfur myrkrið er heiti á ljósmyndasýningu, sem Norbert Ægir Müller hjúkrunarfræðingur er með í Kringlunni á Heilsustofnun í Hveragerði. Sumar af myndunum eru með texta/boðskap.

Norbert vaknar oft á nóttunni til að taka myndir eða skrifa ljóð og texta. Honum finnst þetta eins og „gjafir“ sem hann þurfi að deila með öðrum. Sýningin verður í nokkrar vikur í viðbót og það er ókeypis aðgangur.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Ansi líkur er hann mér,
einn frá, neysluhæfur.
Sykurmoli alltaf er,
aðeins kenndur þessi hér.

Svar við gátu í blaði 2728: **HETTA**
1. Getnaðarvörn - 2. Lambhúshetta
4. Plasthetta yfir vörubretti





HÚSASMIÐJAN



blómaval

AÐVENTU HÁTÍÐ

Á SELFOSSI

í Húsasmiðjunni og Blómavali

25%

Jólaseríur • Skreytingaefni
Jólasyttur • Jólaservíettur
Jólaskraut • Kerti • Jólaljós
Jólapappír • Gervijólatré
...og margt fleira

*Þar sem jólin
biða þín*

33%

Aðventuljós
7 ljósa, hvítt, rautt
eða svart. 14500401-3

1.990 kr
2.990 kr



Opið
sunnudag
um land allt

Sjá nánar
husa.is

26%

Jólastjarna
Fersk og falleg.
10327510

1.990 kr
2.690 kr



Einfalt og þægilegt!

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,



**EGILL JÓNSSON FRÁ SELALÆK
verkstjóri,
Heiðartúni 2, Vestmannaeyjum**

lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 20. nóvember
á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja.
Útförin verður gerð frá Oddakirkju á Rangárvöllum
laugardaginn 2. desember kl 13:00.

Helena Weihe

**Guðjón Egilsson Rósa Hlín Óskarsdóttir
Perla Björk Egilsdóttir Sigurður Freyr Magnússon
Jón Egilsson Lilja Brynja Skúladóttir
Aldís Helga Egilsdóttir Magnús Ágúst Skúlason
Eygló Egilsdóttir Garðar Heiðar Eyjólfsson
og barnabörn**

VERKSMIÐJUSTJÓRI

**Orkugerðin, sem er leiðandi aðili í
hringrásarhagkerfinu og skapar verðmæti
úr lífrænum dýraleifum, óskar eftir að ráða
verksmiðjustjóra.**

Helstu verkefni verksmiðjustjóra eru dagleg
stjórnun á verksmiðju Orkugerðarinnar í
Flóahreppi þ.m.t. mannaforráð, viðhald, innkaup,
gæðaeftirlit og samskipti við viðskiptamenn.

Leitað er að hæfileikaríkum einstaklingi með
áhuga á rekstri og menntun sem nýtist í starfinu.
Reynsla af stjórnun er kostur.

Orkugerðin er til húsa að Heiðargerði 5 í
Flóahreppi, við Oddgeirshólaveg.

Áskilið er að viðkomandi búi á Suðurlandi og tali
og skrifi á íslensku.

Umsóknir sendist til Ólafs Wernerssonar í
tölvupósti: olafur@orkugerdin.is. sem einnig veitir
nánari upplýsingar í 892 8740.

Umsóknarfrestur er til 10. desember 2023.

Brúin verður byggð í Árborg

Það er ekkert nýtt í umræðu-
inni að bæjarstjórn Árborg-
ar standi í erfiðu verkefni við að
endurskipuleggja rekstur okkar
góða sveitarfélags. Slikt fær þó
á sig aðra mynd þessa dagana
þegar við horfum á aðstæður
nágranna okkar í Grindavík.
Ég hef fulla trú á að við leysum
okkar verkefni hér í Árborg en
það hljómar léttvægt miðað við
þá óvissu sem íbúar Grindavíkur
búa við. Aððunarvert er að sjá
samhug og stuðning Íslendinga
í þeim efnum og hefur Sveitar-
félagið Árborg, líkt og önnur
sveitarfélög, boðið fram alla þá
aðstoð sem við getum veitt.

Af verkefnum bæjaryfirvalda
í Árborg ber hæst þessa dagana
gerð fjárhagsáætlunar næsta árs
og gengur það starf vel. Fyrri
umræða fer fram í bæjarstjórn
miðvikudaginn 29. nóvember.
Mig langar að tæpa á því helsta
hvað varðar forsendur fjár-
hagsáætlunar, stöðuna í dag og
hverju hefur verið áorðað fram
að þessu í fjármálum sveitar-
félagsins.

Forsendurnar óbreyttar

Forsendur endurskipulagningar
og hagræðingar í rekstri Sveitar-
félagsins Árborgar eru í grunn-
inn þær sömu og ný bæjarstjórn
stóð frammi fyrir í upphafi kjör-
tímabilsins um mitt ár 2022.

Á mynd 1 má sjá heildar-
niðurstöðu rekstrar sveitarfélag-
ins fyrir A og B hluta frá árinu
2016 og þróunina sem verður
samhlíða örum íbúavexti, mikl-
um framkvæmdum og auknum
útgjöldum. Staða sem veldur
því hvernig við höfum þurft að
bregðast við. Hallarekstur og

Bragi Bjarnason

Formaður bæjar-
ráðs og oddviti
Sjálfstæðisflokksins
í Árborg



mikil skuldsetning eru aldrei af
hinu góða og ytri efnahagsað-
stæður með verðbólgu og háa
vexti gera stöðuna enn erfiðari.
Sveitarfélagið hefur enda lítið
svigrúm þegar eigið fé bæjar-
sjóðs er orðið neikvætt, skulda-
viðmið komið yfir 150 prósent
og heildarskuldir aukist um 16
milljarða, eða yfir 55 prósent
á fáeinum árum, líkt og sjá má
á mynd 2. Sem dæmi hafa líf-
eyrisskuldbindingar aukist um
1 milljarð króna, eitt þúsund
milljónir!

Hvað hefur verið gert?

Bæjarstjórn Árborgar hefur frá
upphafi kjörtímabils um mitt
árið 2022 brugðist við erfiðri
fjárhagsstöðu sveitarfélagsins
með góðri samvinnu kjörinna
fulltrúa og starfsmanna. Góð
samvinna sem ég er mjög stoltur
að fá að vera hluti af.

Sú vinna skilaði okkur sam-
eiginlegum lykilmarkmiðum og
áætluninni „Brú til betri vegar“
sem kynnt var á fjölmönnum
íbúafundi sl. vor og er unnið
samkvæmt þeirri áætlun og hag-
ræðing í rekstri staðið yfir frá
hausti 2022.

Meðal verkefna sem ráðist
hefur verið í er fækkun stödu-
gilda og minni yfirbygging á
öllum sviðum sveitarfélagsins,
forgangsroðun framkvæmda,

sala eigna, uppfærsla á þjón-
ustu við íbúa og lækun annars
rekstrarkostnaðar. Hafa þær að-
gerðir þegar skilað okkur tæp-
lega tveimur milljörðum króna í
hagræðingu. Bent skal á að hluti
aðgerðanna felst í frestun við-
halds- og nýframkvæmda þar til
betur árar, en kalla ekki á aukna
skuldsetningu þegar í stað.

Það er þó ekkert launungar-
mál að það reynir á okkur öll í
þesskonar áhlaupi og þegar ytri
aðstæður gera sveitarfélaginu
erfitt fyrir að fá lánsfé til að
klára fjárfestingar í grunnþjón-
ustu við íbúa. Það er og hefur
alls ekki verið sjálfsagt að fá lán
undanfarið ár og hvað þá á kjör-
um sem geta talist hagkvæm til
lengri tíma. Með útsjónarsemi
og góðri vinnu hefur tekist að
tryggja fjármagn til reksturs og
naðursynlegrar fjárfestingar en
fyrirséð er að sveitarfélagið fari
í nýtt skuldafjárútbóð á nýju ári.

Horfum björtum augum fram á veginn

Strax má þó sjá batamerki í
rekstrinum í sex og níu mánaða
uppgjöri sveitarfélagsins þar
sem bæjarsjóður skilar örflitlum
hagnaði af grunnrekstrinum.
Ýmis önnur jákvæði teikn eru á
lofti. Sveitarfélaginu hefur t.d.
tekist að bjóða öllum börnum í
kringum 18 mánaða aldur pláss
á leikskóla og er það vel. Vel-
ferðapjónustan er nær óbreytt og
frístundaþjónustan fundið nýjar
leiðir með endurskipulagningu.
Íþúafróun er jákvæð og í takti
við húsnæðisáætlun sveitar-
félagsins og útbóð á bygginga-
rétti fyrir lóðir hafa auk þess
skilað mjög jákvæðri niðurstöðu
sem sýnir tiltrú fjárfesta og
vertaka á samfélaginu okkar.

Þótt við séum ekki komin
í gegnum endurskipulagningu
fjárhags sveitarfélagsins verður
áfram haft að leiðarljósi að við-
halda sem bestri grunnþjónustu
fyrir íbúa. Mörg tækifæri eru til
staðar og í einhverjum tilfellum
nýjar leiðir sem geta bætt þjón-
ustuna til framtíðar. Skiljanlega
verða aldrei allir á eitt sáttir
við aðgerðir bæjaryfirvalda en
mikilvægt er að hafa í huga að
bæjarstjórn Árborgar verður
að bregðast við stöðunni svo
sveitarfélagið geti staðið undir
þjónustunni sem því ber að veita
íbúum til framtíðar. Við munum
í sameiningu ná því markmiði.
Liður í þeirri vegferð er fjár-
hagsáætlun 2024 - 2027 sem er á
lokametrunum og verður kynnt
í bæjarstjórn næstkomandi mið-
vikudag.

Við megum ekki gleyma að
við búum í sterku samfélagi með
öflugt mannlíf, þróttmikil fyrir-
tæki og góða þjónustu. Leik-
félög eru reist upp aftur, tón-
leikar og viðburðir hafa aldrei
verið fleiri og ungir íþróttaiðk-
endur vinna glæsta sigra í hverri
viku. Þetta og svo miklu meira
gerir mig stoltan af því að vera
hluti af því lifandi samfélagi
sem Sveitarfélagið Árborg er.



Mynd 1.



Mynd 2.

Nýr og alrafmagnaður Kia EV9.

Sérstök frumsýning á Bílasölu Selfoss
á fimmtudag frá 17-19.



Movement that inspires

Ímyndaðu þér alrafmagnaðan jeppa með nóg rými fyrir alla fjölskylduna og þú þarft ekki að gera neinar málamiðlanir. Opnaðu á alla möguleika á nýjum og alrafmögnum Kia EV9.

Frumsýndur á fimmtudag frá 17-19 í sýningarsal okkar í Hrismýri 3.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu rafmagnaða framtíð Kia.

Við hlökkum til að sjá þig.



Á MESSANUM

30. Nón
1. Des
7. Des
8. Des
14. Des
15. Des
23. Des (skötuþlaðborð)

messinn.com, selfoss@messinn.com
eða í síma: **482-1099**



30% afsláttur af öllum ferðatöskum



Ferðataska AirBase
Tilboðsverð frá: 25.689 kr.
Verð áður frá: 36.999 kr.



Ferðataska Cloud 4w
Tilboðsverð frá: 17.499 kr.
Verð áður frá: 24.999 kr.



Ferðataska Paradise
Tilboðsverð frá: 18.199 kr.
Verð áður frá: 25.999 kr.



Ferðataska Turenne 4w
Tilboðsverð frá: 48.999 kr.
Verð áður frá: 69.999 kr.



Ferðataska SKAll
Tilboðsverð frá: 22.399 kr.
 Verð áður frá: 31.999 kr.

Gildistími tilboða er til og með 04.desember 2023 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is
540-2316

selfoss@penninn.is
Brúarstræti 6



Eymundsson

Hjónin og listafólkið Eggert Kristinsson og María Ólafsdóttir bjóða í Jólagleði föstudaginn 1. desember á milli kl. 16-19 í heimagalleríinu sínu að Laxalæk 36. Þar verður boðið upp á jólaglögg og hljómborðsleikarinn Tómas Jónsson leikur jólalög á hammond. Í galleríinu er mikið úrval af málverkum, leirlist og skartgripum sem eru tilvaldar í jólapakkan hjá þeim sem standa manni næst. Á að-



ventunni verða þau með reglulegar opnanir, allar upplýsingar um þær má finna á facebook síðunni EM heimagallerí.



Jólaball fatlaðra er nú Jólahátíðin okkar á Hilton 6. desember

Jóláhátíðin okkar verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu 6. desember. Hátíðin er endurvakin eftir stutt hlé í Covid en hún hefur verið haldin í rúmlega fjóra áratugi sem Jóláhátíð fatlaðra.

Húsið opnar kl. 19 og klukkan 20 hefst ballið. Á meðal þeirra sem fram koma eru Herra Hnetusmjör, Sigga Beinteins, Bjartmar Guðlaugsson, Sigga Ózk og Bjarni Arason. Hljóm-sveit Rúnars Þórs leikur undir en útsetningar annast Þórir Úlfarson. Þá munu þjóðþekktir menn og konur vinna við öryggis-gæslu og aðstoða gesti á hátíðinni. Allir tónlistarmenn sem fram koma, aðstoðarfólk og þeir sem standa að hátíðinni gefa vinnu sínu í þágu fatlaðs fólks

og höfum við einnig samið við bakhjarla hátíðarinnar til næstu fimm ára til að styðja við bakið á Jólhátíðinni okkar og tryggja hátíðina í sessi. Fyrirtækin eru Brim, Hilton Reykjavík Nordica, Góa, Víðifell, Henson og Öryggismiðstöðin.

Hátíðin hefur verið mjög vel sótt í gegnum árin og hefur þessi dagur verið einn sá annasamasti hjá ferðaþjónustu fatlaðra. Á hátíðinni í ár verður André Bachmann, upphafsmaður hátíðarinnar, heiðraður en hann hefur nú rétt nýjum hópi keflið.

Undirbúningsnefndin.
Ásmundur Friðriksson
Andri Steinn Hilmarsson
Rúnar Rúnarsson

ÍBÚÐ TIL LEIGU Á SELFOSSI



Íbúð í parhúsi á Selfossi verður til leigu frá haustinu 2024. Húsið er 156 m² með bílskúr á einni hæð með þrjú svefnherbergi, nýuppgerðu eldhúsi, stofa og borðstofa í einu rými.

Rúmgott baðherbergi með sturtu og baðkari.

Upphítuð heimkeyrsla og innbyggður bílskúr og búr.

Góð ca. 60 m² verönd og gróinn garður.

Stutt í leikskóla og skóla.

Athuga má með gæludýr.

Gerður verður leigusamningur til eins árs.

Ástæða þess að auglýst er svo snemma tengist starfi leigusala.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlega sendið upplýsingar á netfangið husaleiga@simnet.is. Allar upplýsingar verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

lindex.is



LINDEX

VÉLAMENN OG MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR

Þjótandi ehf. óskar eftir vélamönnum með vinnuvélaréttindi og bílstjórum með meirapróf. Erum með fjölbreytt verkefni og góða verkefnastöðu.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Upplýsingar í síma 893 9190 eða á tölvupósti tjtandi@simnet.is.



Við förum létt
með **jólapakkana**



Langar þig að koma **jólapakka** eða **matarsendingu** til vina og ættingja fyrir jólin?

Nýttu þér pakkaþjónustu Eimskip. Yfir **130** afhendingastaðir um allt land og aðeins eitt verð **1.800 kr.** fyrir allar sendingar undir **45 kg** og **50 x 50 x 50 cm** að stærð.

Skráðu þína sendingu á eimskip.is og komdu með pakkana til okkar.



Frábær fimleikahelgi að baki á Selfossi

Helgina 25.- 26. nóvember sl. fór fram haustmót 2. í hópfinleikum og stökkfimi eldri. Mótið var haldið í íþróttahúsi Vallaskóla og sendi Selfoss fimm lið til keppni í hópfinleikum. Mótið fór vel fram og var gaman að taka á móti öllum þessum flottu keppendum sem komu víða að um landið. Á fyrri keppnisdegi kepptu 2. fl mix og 1. fl. stúlkna og stóðu sig með þrýði. Á seinni keppnisdegi

áttum við tvö lið í 3 fl. og svo keppti meistaraflakur Selfoss í síðasta hluta mótsins með glæsilegar æfingar. Á mótinu var ekki keppt til verðlauna heldur eru úrslit notuð til þess að raða í deildir fyrir komandi keppnisvetur. Í stúkunni var mikil stemmning og frábært hvað margir lögðu leið sína að horfa á okkar flotta fimleikafólk sem á framtíðina fyrir sér.

UMFS



Ánægjan
er öll okkar

Við lengjum opnunartímann

**Við lengjum opnunartímann
okkar á Selfossi:**

Mánudaga til fimmtudaga
9:00 til 16:00

Föstudaga
9:00 til 15:00

Sjóvá er efst tryggingafélaga
í Íslensku ánægjuvuginni
— sjötta árið í röð.

SJÓVÁ



Opinn fundur með Kristrúnu á Selfossi



Samfylkingarsalnum á
Selfossi, Eyravegi 15

kl. 11:00
laugardag 2. desember



JÓLASÝNING FIMLEIKADEILDAR SELFÓSS 2023

Garðabréiða Fyrsta jólahátíðin

Laugardaginn
9. desember
í Íþróttahúsi Vallaskóla

Sýning 1 kl. 9:30

Sýning 2 kl. 11:15

Sýning 3 kl. 13:00

500 kr. fyrir 6-11 ára
2000 kr. fyrir 12 ára og eldri

Miðasala hefst 1. desember
á vefsíðunni Midix.is



Gengið inn um anddyri íþróttahúss.
Kaffihúsastemmning með veitinga-
og kaffisölu í anddyri Vallaskóla að
lokinni sýningu.



BYKO

STUDIO SPORT

Bilverk BA



HOTEL
GEYSIR

Frá Krabbameinsfélagi Árnessýslu

Nóvember hefur verið viðburðaríkur mánuður í starfsemi okkar í Krabbameinsfélagi Árnessýslu, líkt og aðrir mánuðir ársins.

Félagsmenn hafa verið duglegir að mæta í opið hús þrisvar sinnum í viku, hittast til að spjalla, drekka kaffi og gæða sér á ýmsum veitingum sem sjálfbóðaliðar okkar reiða fram á vaktinni. Endurhæfingahópurinn mætir reglulega í hreyfingu tvisvar sinnum í viku, hittist í sálsgæslu þar sem alvöru „trúnó“ fer fram og lærir einnig ýmsa nýja iðju í hverjum mánuði. Hópnum er margt til listanna lagt og fengu þau nýlega kennslu í að mála á steina og hekla snjókorn sem eflaust eiga eftir að prýða heimili þeirra um jóln. Karlahópurinn fékk matreiðslumanninn Ola Olsen í heimsókn sem kenndi þeim að grafa bleikju og lax, handavinnuhópurinn Upprekjurnar voru með ýmislegt á þróunum og kvennaspjallhópurinn okkar var endurvakin eftir tæplega þriggja ára hlé. Félagið er ávallt í góðu samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands og tók þátt í fjarnámskeiði á þeirra vegum, sem fjallaði um Óttan við að endurgreinast. Það er félaginu ómetanlegt að hafa aðgengi að því fagfólki og fræðslu sem býr innan Krabbameinsfélags Íslands og Ráðgjafabjónustunnar í Skógarhlíðinni.

Framundan er jólamánuðurinn sem hefur bæði hlýjan sjarma og gleði í för með sér en á sama tíma getur hann reynst mörgum erfiður af ýmsum ástæðum. Við munum leggja áherslu samverur í desember þar sem við finnum

styrkinn í að tilheyra samfélagi sem byggir á skilningi, trausti og umhyggju. Laugardaginn 2. desember verður fjölskyldusamvera á Eyraveginum þar sem við hittumst og skreytum piparkökur og piparkökuhús, gæðum okkur á heitu súkkulaði og eflaust stelumst í að smakka nokkrar vel skreyttar piparkökur. Að kvöldi þess 2. desember verður jólaveisla í Tryggvaskála þar sem við gæðum okkur á góðum mat, spjöllum og eigum saman notalega stund.

Skapast hefur sú hefð að bjóða uppá sálsgæslu í desember mánuði. Sálsgæsla getur verið mikilvæg fyrir okkur þegar við tökumst á við veikindi, sorg, söknuð eða breytingar í lífinu sem hafa áhrif á okkar daglega líf. Sálsgæslan er öllum opin og hvetjum við alla til að nýta sér hana.

Það er alltaf notalegt að koma á Eyravegin, í fallegu og hlýlegu félagsaðstöðuna okkar sem við erum svo þakklát fyrir að hafa. Dagskrá desember mánaðar má finna á facebook síðu félagsins og í facebook hópnum Brosið þar sem reglulega koma inn fréttir af starfsemiinni.

Mínum á símann okkar 482 1022 og netfangið okkar, arnessysla@krabb.is

Óskum ykkur notalegra stunda í desember, munið að huga að ykkur sjálfum og þiggja þann stuðning og styrk sem þið þurfið á að halda.

Fyrir hönd
Krabbameinsfélags Árnessýslu,
Svanhildur Ólafsdóttir
formaður.



Að skyrpa tyggjóinu á torgið

Miðbær Selfoss hefur mikið Maðráttarafl, á torginu hefur myndast í skjóli fállegra húsa gríðarstaður. Þar veitir skjól Mjólkurbú Flóamanna gamla mjólkurbúið sem varð tákn hins unga Selfoss í upphafi teiknað af Guðjóni Samúelssyni og reist af bændum. Þar er hið virðulega Konungshús frá Þingvöllum, glæsilegt konungs-kaffi í dag. Hús sem byggt var sem gististaður fyrir kónginn þegar hann reið konungs-vegin 1907 um Árnesþing með Hannesi Hafstein ráðherra sem fæddist á Möðruvöllum í hinu endurbyggða húsi Friðriksgáfu sem geymir Svíðið okkar nýja, sem flytur okkur söng og menningu. Þetta nýja bæjartorg á vart sinn líka hér á landi og þó viðar sé leitað, og nú mun framhaldið taka að rísa í ennfleiri glæstum sögu-frægum húsum. Bæjartorgið hefur breytt bænum okkar og tjáir Íslands-söguna í glæsilegum húsum sem annaðhvort hafa brunnið eða verið rifin og þar er flóra veitinga og þjónustustaða sem við og ferðamenn njótum. Oft geng ég út á torgið þar er vini að hitta í varpa, allsstaðar að úr heiminum. Eitt stingur nú í auga torgið



er þakið hvítum slettum eins og fugladriti. En viti menn þetta eru tyggjólummur sem fólk spýtir út úr sér og er sóðaskapur Íslendinga fyrst og fremst. Munntóbakspíðum er einnig spýtt á torgi þeir verða börnum og hröfnum að leik. Greinarhöfundur er sagt að það sé mikið mál að hreinsa þessar slettur? Spurningin er þessi er ekki hægt að taka upp þá mannasiði að setja tyggjóið í ruslatunnur fremur en að skyrpa því fyrir fætur okkar? Það þótti ekki gott þegar gömlu mennirnir tóku um nefið og snýttu tóbakinu í lófanum eða jörðina. Enn man ég höfðingjann Böðvar Magnússon á Laugarvatni á hátíðum á 1. des í Menntaskólanum á Laugarvatni hann tuggði skro eða munntóbak en hafði með sér spýtuðall og spýtti svo í boga og hitti í dallinn. Við krakkarnir fylgdumst spennari með hvort gamli maðurinn hitti í dallinn eða ekki, en dag-skrá hátíðarinnar. Böðvari brást ekki bogalistin. Hvernig væri að tyggjófólkið bæri á sér plastpoka til að spýta í svo þessi sóðaskapur hevri sögunni til?

Guðni Ágústsson
















Kakó, kertaljós og JÓLABÆKUR

Skemmtilegu jólaupplestrarkvöldin í Bókakaffinu eru að hefjast
Húsið er opnað kl. 20. Upplestur frá 20:30–21:30.

Fimmtudagskvöldið 30. nóvember

Sigurros Þorgeirsdóttir
– Katrín málsvari mæðra

Kristján Pálsson
– Saga Hnífsdals

Harpa Rún Kristjánsdóttir
– Vandamál vína minna

Gísli Jökull Gíslason
– Hugleiðingar

Gunnlaugur Ó. Johnson
– Sannar sögur af einhverjum helvítis kalli í Mosfellsbæ

Páll Biering
– Sjálfshjálparbók hjálparstarfsmannsins

Fimmtudagskvöldið 7. desember

Gunnhildur Þórðardóttir
– Dóttir dráppunnar

Lárus Jón Guðmundsson
– Höfuðlausn

Gunnar J. Straumland
– Kurteisisonnettan

Heiðrún Ólafsdóttir/Niviaq Korneliussen
– Blómadalur

Benedikt Hjartarson
– Huldugerfi heimsbókmenntanna

Ágúst Bongþór Sverrisson
– Vektu ekki barnið

Fimmtudagskvöldið 14. desember

Vigdís Grímsdóttir
– Ævintýrið

Solveig Thoroddsen
– Að innan erum við bleik

Sigmundur Ernrir Rúnarsson
– Í stríði og friði fréttamennskunnar

Jóna Ingibjörg Bjarnadóttir
– Hlutskipti

Kristín Ómarsdóttir
– Móðurást

Sigurjón Bergþór Daðason
– Umbrot





Eigum saman notalega stund með skáldum
og bókafólki í Bókakaffinu á Selfossi



ORKURANNSÓKNASJÓÐUR

Styrkir til að stuðla að grænni heimi

Eitt stærsta verkefni okkar er að skila jörðinni til komandi kynslóða í jafn góðu eða betra ástandi en við tókum við henni. Nútiminn kallar á grænar lausnir til að ná þessu takmarki, og ein stærsta græna lausnin er orkuvinnsla úr auðlindum sem endurnýja sig og valda lítilli losun á gróðurhúsalofttegundum.

Rannsóknaverkefni sem tengjast orku- og umhverfismálum geta skipt sköpum í leitinni að þessum grænu lausnum og Orkurannsóknasjóður styður við slík verkefni á vegum háskóla, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga.

Við auglýsum nú eftir umsóknum um styrki frá sjóðnum.
Umsóknarform og allar upplýsingar eru á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/orkurannsoknasjodur

Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2024.



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
 SELFOSS - REYKJAVÍK
 SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
 Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
 Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss
 s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
 skattskil

Þjónusta við
 einstaklinga og
 fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



**HEILDARLAUSNIR
 Í PRENTUN**

Eyurvegi 25, 800 Selfoss
 482 1944
 selfoss@prentmett.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
 30. nóvember kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn
 30. nóv. kl. 14:45.
 Jólamarkaður og rónlist.
 Kaffi 200 kr.
 Kaffi og kökur 1.500 kr.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
 kl. 20:00, nýliðafundur
 kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
 í einu. Laugardagsmorgnum
 kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
 Þrið. kl. 19 - AA konufundur
 Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
 Fim. kl. 20 - AA karlafundur
 Fös. kl. 20:30 - AA fundur
 Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
 Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
 AA Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
 Poniedzialek i czwartek i sobota
 godzina 19:00. Hrísholti 8 - 800
 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
 Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
 Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
 borða? OA 12 spora fundir
 Overeaters anonymous alla
 þriðjudega kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
 Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
 Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
 Þorlákshöfn
 Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
 Mánamörk 1, Hveragerði, efri
 hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
 Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2277
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Guðmundur og Krístrún tala á aðventusamkomum í Hrunaprestakalli

Guðmundur Brynjólfsson, Grithöfundur og djákni, verður ræðumaður á aðventukvöldi í Hrunakirkju á fyrsta sunnudegi í adventu 3. desember nk. kl. 20. Kveikt verður á aðventukransi, Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasóknna syngur adventu- og jólasálma. Kolbrún Haraldsdóttir, kennari í Flúðaskóla, flytur jólafrásöng og fermingarbörn lesa. Á adventuhátíð sem haldin verður í félagsheimilinu Ánesi þennan sama sunnudag kl. 15 verður ræðumaður Krístrún Heimisdóttir, lögfræðingur og varaforseti Kirkjubings. Á þeirri samkomu munu nemendur úr Þjórsárskóla leika og



syngja, kveikt verður á aðventukransi og fermingarbörn lesa lestra. Kirkjukór Stóra-Núps- og

Ólafsvallasóknna syngur jólasálma og boðið er upp á kaffiveitingar á eftir.

KIRKJA

Villingaholtskirkja

Aðventusamkoma klukkan 20:00. Guðmundur organisti og kórinn leiða sönginn, kveikt verður á aðventukransinum og séra Ása Björk leiðir stundina.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 fyrsta sunnudag í adventu. Barnastund og föndur í þessari fjölskyldumessu. Fermingarbörn hvött til að mæta með foreldrum. Spádómakertið tendrað á aðventukransinum. Kaffisopi á eftir í Gestastofunni. Barnafræðari er Bergþóra Ragnarsdóttir og prestur sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup.

Félagsheimilið Ánes

Sunnudaginn 3. desember kl. 15 verður adventuhátíð í félagsheimilinu Ánesi. Nemendur Þjórsárskóla leika og syngja, fermingarbörn lesa og kirkjukórinn syngur. Ræðumaður verður Krístrún Heimisdóttir, lögfræðingur og varaforseti Kirkjubings. Kaffiveitingar á eftir. Verið öll hjartanlega velkomin!

Hrunakirkja

Aðventukvöld á fyrsta sunnudegi í adventu 3. desember kl. 20. Fermingarbörn lesa, Kolbrún Haraldsdóttir, kennari, flytur jólafrásöng og kirkjukórinn syngur. Guðmundur Brynjólfsson, rithöfundur og djákni, verður ræðumaður. Kaffi í safnaðarheimilinu á eftir. Verið öll hjartanlega velkomin!

Hrepphólakirkja

Kveikt á ljósum í kirkjugarði laugardaginn 2. des. eftir hádegi. Helgistund kl. 15 í kirkjunni og kaffi á eftir. Verið öll velkomin!

Hveragerðiskirkja

Aðventukvöld kl. 20. Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra flytur hugvekkju. Þrír kórar koma fram: Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsóknna, Söngsveit Hveragerðis og Kór Félags eldri borgara í Hveragerði.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar sunnudaginn 3. desember kl. 11:00 í Hvítasunnukirkjunni Selfossi, Austurvegi 40B. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

Þorlákskirkja

Sunnudagurinn 3. desember, 1. sunnudagur í adventu - Adventuhátíð kl. 16:00. Fjölbreytt dagsskrá. Verum öll velkomin og hefjum adventuna með ljúfri samveru í kirkjunni. Sóknarnefnd og sóknarprestur

Selfosskirkja

1. sunnudagur í adventu. Messa verður í Selfosskirkju, sunnudaginn 3. des. klukkan 11:00. Við kveikjum á fyrsta kertinu á aðventukransinum og syngjum kertasálminn. Meðlimir úr kór kirkjunnar leiða sönginn, Ester verður við orgelið og séra Ása Björk prédíkar og þjónar fyrir altari. Einnig er sunnudagaskólinn klukkan 11, en við byrjum öll saman í kirkjunni á adventunni. Þriðjudagssamvera verður í Selfosskirkju 5. desember klukkan 14:00. Gestur verður Guðrún Þóranna Jónsdóttir.

Stokkseyrarkirkja

Aðventustund klukkan 14:00. Flytjendur tónlistar: Kirkjukór Stokkseyrarkirkju. Organisti: Haukur Arnarr Gíslason. Einsöngur: Lára Ruth Clausen. Organisti: Pétur Núi Stefánsson. Séra Dagur Fannar flytur erindi. Séra Ása Björk þjónar.

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að úrbótum ýmskonar vandamála, líkamlegra sem andlegra. Það má líka fara aftur í tímann og sjá löngu liðna atburði, hætta reykingum og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur** en með honum má sjá ástand viðkomandi, líkamlegt og andlegt. Þessu fylgja ráð um hvernig breita má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með **Nudd og svæðanudd** -

Heiðar Ragnarsson
 Heilsulindinni í Miðgarði
 s. 8981501

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn 2. desember milli kl. 11-12, sérstakur gestur verður Bjarni Harðarson bóksali og útgefandi, mun hann segja frá ný útkomnum bókum Sæmundar.

TIL SÖLU



Sófasett til sölu

Til sölu vandað sófasett, smíðað af Trésmíðu Meidi. Uppl. í síma 864 1275.

ÞJÓNUSTA

Smíður óskar eftir verkefnum

Smíður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og sumarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/öð helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á eldhúsinnréttum, gips, málun o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
 auglysingar@dfs.is



FRÉTTAMOLAR FRÁ LANDSVIRKJUN Á SOGSSVÆÐI

Örgagnaver, sumarfólk og afmæli

Samstarf um örgagnaver í Soginu

Í mars 2023 undirrituðum við hjá Landsvirkjun samstarfssamning við japanska gagnaversfyrirtækið Internet Initiative Japan (IIJ) um uppsetningu á svokölluðu örgagnaveri (e. Micro Data Centre) í húsnæði okkar við Írafossstöð. IIJ er framsækið 30 ára gamalt fyrirtæki með rúmlega fjögur þúsund starfsmenn.

Tilgangur samstarfsins er að prófa örgagnaverstæknina með endurnýjanlegri orku í ákjósanlegum aðstæðum. Við hjá Landsvirkjun viljum styðja við aukna stafræna vegferð og þetta verkefni fellur vel að því.

Gagnaverið er á stærð við stóran ísskáp og í því er keyrður hugbúnaður sem tengist stærra neti í gegnum ljósleiðara, sem og í gegnum Starlink-gervihnattakerfið. Uppsetning þess var í höndum tæknimanna IIJ, í samstarfi við starfsfólk okkar í Soginu. Samstarfið gekk afar vel og hafa Japanarnir ítrekað lýst yfir þakklæti og hrósað starfsfólki í Soginu fyrir fagleg og drífandi vinnubrögð.



Öflugt sumarstarfsfólk

Sumarstörfin hjá okkur eru fjölbreytt. Við hverja aflstöð sinna ungmenni hefðbundnum störfum vinnuskóla og einnig fá iðn- og háskólanemar hagnýta reynslu af ýmsum störfum, t.a.m. hjá sviði framkvæmda, sölu og þjónustu, vatnsafls og á samskiptadeild, svo fátt eitt sé nefnt. Í ár sóttu 606 háskólanemar og ungmenni um 161 sumarstarf víðsvegar um landið.

Námið sem sumarfólkið okkar leggur stund á er af ýmsum toga. Þar má nefna vélfræði, vélvirkjun, rafvirkjun, verkfræði, landafræði, jarðfræði, jarðeðlisfræði, lögfræði, sálfræði og hagfræði svo eitthvað sé nefnt. Helmingur sumarnema hjá okkur í ár var konur og helmingur karlar.

Við höfum verið afskaplega lánsöm með ungmennin og nemana hjá okkur á Sogssvæði. Í sumar störfuðu 30 ungmenni hjá okkur og með þeim þrír verkstjórar. Nemarnir voru þrír: einn vélvirkjanemi, einn verkfræðinemi og einn nemi í rafmagnstæknifræði. Stóðu þau sig öll með þryði.



Írafossstöð 70 ára

Í október voru 70 ár frá því að Írafossstöð var gangsett, en klukkan 15:35 þann 16. október 1953 hleypti Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands 31 megavatti inn á veitukerfið við hátíðlega athöfn. Fjöldi gesta var viðstaddur þennan merkisatburð, en með honum var raforkuframleiðsla með vatnsafla á Íslandi tvöfölduð. Í grein Alþýðublaðsins þennan dag var því spáð að Írafoss yrði fljótlega smávirskjun í samanburði við þær aflstöðvar sem byggðar yrðu í þjórsánni. Sú spá rættist árið 1969 þegar Búrfellsstöð var gangsett.

Með byggingu Írafossstöðvar, sem var fyrsta neðanjarðarstöð landsins, var hægt að hætta rafmagnstakmörkunum notenda og byggja upp stóriðju, en áburðarverksmiðjan var einn af framtíðarnotendum raforkunnar.

Írafossstöð framleiðir enn sitt rafmagn, en þó ívið meira en við gangsetningu, þar sem þriðju vélinni var bætt við árið 1963. Núna skilar stöðin að jafnaði um 4,8 megavöttum, eða um 236 gígavattstundum á ári. Miðað við að hvert heimili noti um 5000 kílóvattstundir þá er það nóg til að sjá um 47.000 heimilum fyrir orku á ári eða hlaða yfir þrjár milljónir rafbíla.

Að sjálfsögðu var haldið upp á daginn á starfssvæðinu með ljúffengri köku.



Gleðileg jól

Við sem störfum hjá Landsvirkjun óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Við þökkum fyrir góð samskipti á árinu sem er að líða og hlökkum til að vera áfram góður granni á því sem senn gengur í garð.

Fróðlegt að fá innsýn í fyrirkomulag útíkennslu

Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra og föruneysi heimsótti Grunnskólann í Hveragerði fimmtudaginn 23. nóvember til að kynna sér útíkennslu skólans. Ásmundi og föruneysi, ásamt nemendum 2. bekkjar, var boðið upp á pönnukökur í úti-stofu skólans, Lundi, og mæltist það vel til. Sjálfur sagði Ásmundur Einar á Facebooksíðu sinni: „Við fengum að fara í úti-



kennslutíma með öðrum bekk Grunnskólans í Hveragerði. Ótrúlega fróðlegt að fá innsýn í fyrirkomulag útíkennslu“.

Óhætt er að fullyrða að útíkennsla, það að flytja kennslu að einhverju leyti út fyrir veggi skólans, auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera hollt fyrir bæði líkama og sál.

Útivist í stundatöflum er í takti við áætlun skólans um heilsuefandi grunnskóla en

þar kemur m.a. fram markmið um að flétta heilsu og velferð saman við daglegt skólastarf. Þá er hvatt til útivistar og hreyfingar í umhverfisstefnu skólans, sem segir einnig að umhverfisfræðsla verði hluti af námi allra bekkja skólans og að nemendur séu meðvitaðir um hvernig hægt er að bæta líf sitt og komandi kynslóða með því að umgangast umhverfi sitt og náttúru af tillitssemi og umhyggju.

Emilía Hugrún og Tómas Jónsson flytja jólalög

Hljómistafélag Ölfuss stendur fyrir jólatónleikaröð á Heima Bistró í Þorlákshöfn alla laugardaga fram að jólum.

Á fyrstu tónleikunum munu söngkonan Emilía Hugrún og Tómas Jónsson, hammondleikari með meiru, flytja sín upphalds jólalög.

Emilía Hugrún sigraði í söngkeppni framhaldsskólanna 2022 og er að koma heim í jólafrí frá Danmörku þar sem hún er nú í tónlistarnámi.

Tómas Jónsson er á meðal fremstu hljómborðsleikara landsins og hefur bæði gefið út eigið efni og leikið með ýmsum hljómsveitum og tónlistarfélki, þar má nefna Röggva



Gísla, Sigríði Thorlacius, Sigurði Guðmundssyni, Hjálmu, Jónasi Sig, Briet, Stuðmönnum,

Hipsumhops og hljómsveit sinni ADHD.

Tónleikarnir hefjast kl. 21.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastæðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

HSH

Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792.1727 eða
hshflutningar@gmail.com



FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir



Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is